Betri spítali

Reykjavík 2.3.2018

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd

Umsögn um þingsályktunartillögu, mál nr. 14:

Óháð, fagleg staðarvalsgreining fyrir nýtt þjóðarsjúkrahús

Samtök um Betri spítala á betri stað fagna þessari þingsályktunartillögu.

Ákvörðunin um að sameina Landspítalann við Hringbraut var tekin fyrir um 20 árum. Með árunum hefur orðið æ ljósara að það er langt frá því að vera góð ákvörðun. Mun betri kostir eru í boði.

Því er löngu tímabært að gera óháða, faglega staðarvalsgreiningu til að leiða í ljós bestu staðina fyrir spítalann og hvernig mætti haga framhaldinu varðandi uppbyggingu Landspítalans.

Helstu ástæður þess að gera þarf óháða, faglega staðarvalsgreiningu fyrir nýja þjóðarsjúkrahúsið eru eftirfarandi:

1. Nýr spítali frá grunni á besta stað verður **hagkvæmari spítali** en bútasaumaður spítali gamalla og nýrra bygginga á dýrasta svæði í borginni. Að mati Samtakanna er hagkvæmnin yfir 100 milljarða króna á núvirði sem er eitt af því sem þarf að skoða nánar samhliða faglegri staðarvalsgreiningu.

2. Nýr spítali á besta stað verður **betri spítali** en bútasaumaður spítali gamalla og nýrra bygginga. Byggja má á hæðina og nota lyftur til að flýta för um spítalann.

3. Það **verður fljótlegra** að byggja á opnu aðgengilegu byggingarsvæði en við gamla spítalann við Hringbraut jafnvel þó við bætist um 5 ára undirbúningstími.

4. Umferðarlega vel tengdur spítali, sem næst þungamiðju byggðar, **styttir ferðir að og frá**. Það skiptir verulegu máli því ferðirnar verða fljótlega um 18.000 á sólarhring samtals, 9.000 að og 9.000 frá Hringbrautarsjúkrahúsinu.

5. **Það léttir á umferðinni á Hringbrautarsvæðinu** um nálægt 15% í stað þess að auka hana um 10% ef spítalinn verður sameinaður við Hringbraut.

6. Ef spítalinn verður við Hringbraut þarf strax að ráðast í viðamiklar, kostnaðarsamar samgöngubætur. **Stofnkostnaður við nauðsynlegar samgöngubætur mun fara yfir 150 milljarða kr. ef spítalinn verður við Hringbraut**. Vissulega þarf sumar samgöngubæturnar hvort sem er, en ekki eins fljótt ef spítalinn flyst úr miðbænum. Undanfarin ár hafa fjárfestingarframlög ríkissjóðs til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu verið um 2 milljaðar kr. á ári af um 20 milljörðum kr. á landinu öllu. Nú á að vísu að bæta talsvert í næstu 15 ár en hætt er við að það muni taka all marga áratugi að gera það sem gera þarf í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu þannig að aðgengi að þjóðarsjúkrahúsi við Hringbraut verði viðunandi.

7. Ein af forsendunum fyrir staðsetningunni við Hringbraut var tilvist Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni. Borgaryfirvöld stefna að því að **flugvöllurinn fari úr Vatnsmýrinni** út fyrir borgina í Hvassahraun eða til Keflavíkur.

8. Ein af forsendunum var að **sameining við Hringbraut myndi styrkja miðborgina**. Með stórauknum straumi ferðamanna er löngu svo komið að þensla er í miðborginni. Vel fer á því að einhverjar mannmargar stofnanir sem ekki þurfa að vera í miðborginni færist nær megin hluta íbúðabyggðarinnar austar á höfuðborgarsvæðinu, nær þungamiðju byggðar.

9. Sameining spítalans við Hringbraut þýðir að helsta bráðasjúkrahús landsins flyst úr Fossvogi á Hringbraut og þar með þyrluflug þangað. Sjúkraflug með þyrlum mun aukast næstu ár og verða með tímanum daglegt brauð. Daglegu þyrluflugi fylgir ónæði og það þarf öryggissvæði nálægt lendingarsvæðinu. Nú þrengir byggð að Hringbraut og öryggissvæði til lendingar þyrlna verður takmarkað. Gera þarf nýtt áhættumat fyrir þyrluflugið vegna þessa. **Framtíðar spítalinn ætti að vera staðsettur vel miðað við stóraukið sjúkraflug með þyrlum**.

10. Það er talið **gott fyrir bata sjúklinga að spítalinn þeirra sé í friðsælu, fallegu umhverfi**. Það verður seint við Hringbraut og alla vega ekki næsta áratuginn á meðan unnið verður að byggingu nýs spítala við hlið þess gamla og sá gamli síðan endurnýjaður. Í allt mun það taka um 20 ár. Mun betra er fyrir sjúklingana ef nýr spítali yrði byggður á besta stað með tillliti til byggðar, umferða og náttúru og síðan flutt í hann þegar hann er tilbúinn

11. Mikilvægi nálægðar spítalanas við Háskólann er ekki eins mikið og sumir vilja vera láta. **Menntun heilbrigðisstétta mun að mestu fara fram á spítalanum.** Byggt verður húsnæðisaðstaða fyrir Heilbrigðisvísindasvið HÍ við eða í nýja spítalanum.

Af þessu sést að það mælir flest með því að byggður verði nýr spítali á betri stað og flutt inn í hann þegar hann verður tilbúinn.

Skoðanakannanir hafa sýnt að meirihluti landsmanna, heilbrigðisstarfsfólks, þar með talið starfsfólk LSH telur að byggja eigi nýjan spítala frá grunni á betri stað en Hringbraut er.
Bygging nýs sjúkrahúss á fyrst og fremst að þjóna almenningi næstu áratugi og verður greidd af almenningi. Það er því æskilegt að hlusta á vilja almennings í þessu efni. Góður framgangsmáti málsins væri að láta gera faglega staðarvalsgreiningu sem myndi skilgreina vel kosti og galla helstu staðanna sem til greina þykja koma. Síðan má fela þjóðinni að velja milli bestu staðanna í vandaðri skoðanakönnun eða beinni kosningu.

Ef Alþingi, þrátt fyrir ofangreint, vill ljúka því sem byrjað er á við Hringbraut, er samt mikilvægt að byrja að huga að næsta sjúkrahúsi sem koma þarf inn þegar Hringbrautarsjúkrahúsið verður full nýtt. Það verður nefnilega full nýtt um leið og það kemur í notkun og ekki verður hægt að loka Fossvogsspítala sem var ein af fjárhagslegum forsendum sameiningar Landspítalans á einn stað. Aðstæður hafa breyst á 20 árum og viðhorf fólks til heilbrigðisþjónustu einnig. Móta þarf vandaða heilbrigðisstefnu til langs tíma og áætla þörfina fyrir sjúkrahús og taka frá svæði fyrir uppbyggingu þeirra langt fram í tímann.

Fyrir hönd Samtaka um Betri spítala á betri stað,

Guðjón Sigurbjartsson viðskiptafræðingur
S: 895 2485

Meðal félaga í Samtökunum eru:

Betri spítali

Ása Atladóttir, hjúkrunarfræðingur
Ásgeir Vilhjálmsson, læknir
Björn Gíslason, f.v. slökkviliðsmaður, borgarfulltrúi
Ebba Margrét Magnúsdóttir, læknir, sérfræðingur á kvennadeild LSH
Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur, FAÍ, FSFFÍ
Guðl. Gauti Jónsson, arkitekt, f.v. formaður Arkitektafélags Íslands
Hans Gústafsson, verkefnisstjóri
Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri
Hilmar Þór Björnsson, arkitekt
Ómar Sigurvin, læknir
Sigurgeir Kjartansson, læknir, sérfræðingur í almennum- og æðaskurðlækningum á LSH,
Stefán Matthíasson læknir, formaður Samtaka heilbrigðisfyrirtækja,
Örn Þórðarson, stjórnmálafræðingur, MBA, borgarfulltrúi
Vilhjálmur Ari Arason, heimilislæknir á Slysa- og bráðamóttöku LSH

Sjá:
http://betrispitali.is/
https://www.facebook.com/betrilandspitaliabetristad